

Alþingi
Erindi nr. P 135/2196
komudagur 14.3.2008



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands
Um Frumvarp til laga um mannvirki
Þingskjal 617-375, mál.

Keldnaholti 10/4 2008

Starfsmenn NMÍ hafa kynnt sér frumvarpið um ný mannvirkjalög og lýsa yfir ánægju með framkomu frumvarp. Margt er í frumvarpinu sem horfir til betri vegar fyrir byggingariðnaðinn ekki síst stofnun Byggingastofnunar sem ætlað er það hlutverk m.a. að samræma byggingareftirlit í landinu. Þetta hlutverk stofnunarinnar er mjög tímabært því vitað er að meiri samræmingar er þörf milli þeirra embætta, sem fara með byggingareftirlit í landinu.

Einnig er jákvætt að Byggingarstofnun er ætlað að bera ábyrgð á markaðsyfirliti með byggingarefnum. Sívaxandi framboð byggingarefna hafa aukið mikilvægi þessarar starfsemi stöðugt síðustu misseri.

Okkur virðist einnig eðlilegt að Brunamálastofnun renni inn í Byggingastofnun og verði hryggurinn í starfsemi hennar, sem einnig hraða áhrifum til þess að stofnunin verði framsækin og virki fljótt en þurfi ekki langan gangsetningartíma.

Enn eitt jákvætt atriði í frumvarpinu kemur fram í grein 53 sem fjallar um rannsóknir á tjóni sem verða á mannvirkjum. Þegar tjón verða er ávallt lærdómsríkt að gaumgæfa hvað hefur valdið og nýta niðurstöðurnar til að fyrirbyggja að slík tjón endurtaki sig.

Þau atriði sem einkum orka tvímælis í lagafrumvarpinu eru veruleg aukning skrifræðis sem tengjast gæðamálum. Þessi ákvæði eru sérstaklega íþyngjandi fyrir lítil fyrirtæki og einyrkja þar sem aðferðum gæðastjórnunar verður tæpast viðkomið í þeim mæli sem frumvarpið felur í sér.

Gæðastjórnunarkerfið ISO 9000 er fyrst og fremst sniðið fyrir meðalstór og stór fyrirtæki, en erfið í framkvæmd fyrir lítil fyrirtæki.

Gæðastjórnunarkerfi eru nauðsynleg og hugmyndafræðin að baki þeirra alls góðs makleg, en erfitt getur reynst að rata hinn gullna meðalveg hvað þetta varðar.

Mikil breyting þarf að verða á byggingariðnaðinum almennt til að uppfylla ströngustu kröfur um faggild gæðakerfi. Ljóst er að nú um stundir er verið að innleiða staðlakerfi Evrópsku staðlasamtakanna CEN og CENELEC. Þessi innleiðing hefur í för með sér að fjöldi íslenskra staðla margfaldast (allir EN-staðlar verða jú íslenskir staðlar).

Umhverfi byggingariðnaðarins er því í umróti mikilla reglubreytinga sem með tímanum eiga eftir að verða til þess að breyta og bæta verkskipulag og starfsháttum í byggingariðnaði. Eflaust má því telja að þau gæðakerfi sem frumvarpið innleiðir eigi rétt á sér þegar til framtíðar er litið.

Að öllu samanlögðu höfum við hjá NMÍ því í stórum dráttum jákvæða afstöðu til frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Ingi Sigfússon
forstjóri

Jón Sigurjónsson
yfirverkfræðingur

1) Viðauki með umsögn.

Mannvirkjalög; athugasemdir og ábendingar við einstakar greinar frumvarpsins.

2) NMÍ fjallar ekki um frumvarp að skipulagslögum né frumvarp um brunavarnir þar sem þau liggja utan sérsviða NMÍ.



Viðauki með umsögn.

Mannvirkjalög – athugasemdir og ábendingar við einstakar greinar frumvarpsins.

Ekkert um skyldutryggingar byggingarstjóra, hönnuða eða iðnmeistara- þetta er miður, það eru næg dæmi um það að húsbyggjanda takist ekki að fá t.d. byggingarstjóra til að sinna réttmætum kvörtunum—það þarf einhver ákvæði um hvert húsbyggjandi geti þá snúið sér til að fá umræðu í gang ef tryggingafélag er ekki mótaðili (þetta þýðir öðrum kosti málaferli í auknum mæli).

14. gr “.. Eigandi skal hafa virkt innra eftirlit með því að þeir aðilar sem hann ræður.. fari eftir ákvæðum laga þessara...” -- skráning og þá hvernig?

24. gr Löggilding hönnuða

Í greininni er fjallað um löggildingar til að gera ýmis hönnunargögn vegna byggingarleyfis; aðaluppdrætti, deiliuppdrætti og séruppdrætti. Nefnd eru sérstaklega nokkur hönnunarsvið; burðarvirki, boðveitur, rafkerfi, vatns-, hita- og fráveitukerfi ... ekki minnst á hönnun veðurhjúpsins; þak, veggir, gluggar,.. (frágangur varðandi regn- og vindþéttleika, einangrun, rakavörn, loftun þaka,...).

Í samræmi við liði d. og e. hefði mátt segja í lið a. og b.:

“.. geta fengið löggildingu til að gera aðal-, deili- og séruppdrætti hver á sínu sérsviði...”
dæmalisti eða tilvísun í nánari útlitun í reglugerð.

26. gr Byggingastjórar

4 mgr. “Heimildir byggingarstjóra takmarkast.. “ – ekki ljóst við hvað er átt, heimildir til hvers? (taka ábyrgð á öðru en byggingarstjórn eða hvað sbr. 3. mgr.?)

38. gr. “.. mannvirki.. ef það er rétt hannað og byggt geti uppfyllt grunnkröfunum.. þann tíma sem eðlilegt og fjárhagslega hagkvæmt er að nýta það.” Á þetta ekki að vera hluti af 1. gr. (markmiðssetning) ?

44. gr Gott!

“Sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu... hafa tiltæk afrit af tæknigögnum vörunnar.”

53. gr. Gott- en ;

“Vátryggingarfélag skulu senda Byggingarstofnun upplýsingar ár hvert um bætt tjón á mannvirkjum.” Er þetta tölfraðileg samantekt, eða tjónaskýrsla fyrir hvert tjón? Þegar skyldutrygging aðila er ekki lengur fyrir hendi (sbr. fyrstu athugasemd) þá verða tryggð tjón aðallega (eingöngu?) vatnstjón, brunatjón, brotnar rúður og einstaka hamfaratjón? – hvers virði er svona samantekt ?

55. gr.

Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.. hér mætti vera heimild til kröfu á úrbótum þegar lélegu viðhaldi, útliti mannvirkis eða umgengni um það er nágreininu til vansa ..